

Skattaleg áhrif ferðaþjónustunnar

…árið 2025 og boðuð gjaldtaka 2027

Úrdráttur úr skýrslu fyrir alþingismenn og sveitarstjórnarfólk
Reykjavik Economics fyrir Samtök ferðaþjónustunnar og Samtök atvinnulífsins • nóvember 2026

REYKJAVIK ECONOMICS

© SAF, Þórir N. Kjartansson

Efnisyfirlit

01 **Meginniðurstöður** 3
Skattaleg áhrif, nýjar álögur og landsbyggðin

02 **Samantekt** 13
Helstu tölur 2024 og 2025

03 **Hagræn áhrif** 15
Velta, framleiðni, útflutningur, afkoma og laun

04 **Skattaleg áhrif nánar** 23
Undirgreinar, baðlón, landshlutar og spá

05 **Um verkefnið og viðauki** 27
Verkbeiðni, aðferð, gögn og ÍSAT-flokkun

06 **Töflur** 32
Skattaleg áhrif og ársverk eftir undirgreinum


Skattaleg áhrif ferðaþjónustunnar 2025
199,7 ma.kr.
−2,6%
raunbreyting frá 2024
205,0 ma.kr.
árið 2024 á verðlagi 2025
© SAF, Páll Jökull Pétursson

Skattaleg áhrif 2024 og 2025

Millj. kr. á verðlagi 2025	2024	2025	Raunbreyting
Tekjuskattur fyrirtækja	11.065	6.467	−41,6%
Mótframlag í lífeyrissjóð og séreign	34.424	33.937	−1,4%
Tryggingagjald	18.243	17.985	−1,4%
Tekjuskattur og útsvar launþega	52.982	50.585	−4,5%
Þröng skattaleg áhrif	**116.714**	**108.973**	**−6,6%**
Útskattur virðisaukaskatts	83.360	85.552	2,6%
Fasteignaskattar	4.961	5.187	4,5%
Víð skattaleg áhrif	**205.035**	**199.712**	**−2,6%**

Heimildir eru skattalíkan RE, Hagstofa Íslands (rekstrar- og efnahagsyfirlit og sérvinnsla á virðisaukaskatti) og Árbók sveitarfélaga. Bráðabirgðatölur 2025.

VSK og lífeyrisiðgjöld eru hluti af framlaginu

Virðisaukaskattur: ferðamaðurinn ber hann allan

Heildsalinn	Veitingastaður	Ríkissjóður
skilar 110 kr. af hráefninu	skilar 110 kr. nettó	fær alls 220 kr.

Ferðamaðurinn greiðir 2.220 kr. fyrir máltíð, þar af 220 kr. í virðisaukaskatt. Ef innskatturinn væri dreginn frá yrðu aðeins 110 kr. taldar, þótt ríkið fái 220 kr. vegna máltíðarinnar.

85,6 ma.kr. útskattur einkennandi greina 2025. Innskatturinn, 74,7 ma.kr., höfðu birgjar greinarinnar þegar greitt í ríkissjóð.

Ferðamenn fá virðisaukaskatt af þjónustu sem þeir njóta hér á landi ekki endurgreiddan.

Viðskipti innan einkennandi greina ferðaþjónustunnar geta leitt til þess að útskatturinn sé nokkuð ofmetinn.

Lífeyrisiðgjöld: skattur í flestum Evrópulöndum

Gegnumstreymi	Söfnun
t.d. Þýskaland	*Ísland*
18,6% iðgjald af launum, þar af 9,3% frá atvinnurekanda, rennur til ríkisins og greiðir lífeyri dagsins. Telst til skatta.	Lögbundið mótframlag, a.m.k. 11,5% af launum, safnast í lífeyrissjóðum og léttir á almannatryggingum framtíðar.

33,9 ma.kr. mótframlag einkennandi greina 2025. Það er lögbundin greiðsla sem leggst á launakostnað eins og skattar.

Án mótframlaga eru víð skattaleg áhrif 165,8 ma.kr. og þröng 75,0 ma.kr.

Heimildir eru lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt (43. gr.), sérvinnsla Hagstofu Íslands á virðisaukaskatti, Deutsche Rentenversicherung (2026) og útreikningar RE. Þröng skattaleg áhrif eru einnig birt, án virðisaukaskatts.


Nýjar álögur á ferðaþjónustuna
10,4 ma.kr.
9,8 ma.kr.
ný gjöld og skattar í fjárlagafrumvarpi 2027, þ.m.t. hlutur greinarinnar í kílómetragjaldi
624 millj. kr.
hærri vaxtagreiðslur vegna hækkunar bankaskatts
reiknað bil 234 til 624 millj. kr.

© SAF

Nýjar álögur á ferðaþjónustu nema 10,4 ma.kr. á ári



29,4

ma.kr. í sértækum gjöldum sem greinin ber nú þegar

40

ma.kr. á ári eftir breytingarnar, sértæk gjöld og nýjar álögur samtals

Heimildir eru fjárlagafrumvarp 2027, umsögn SAF (7. okt. 2026), umsögn Landsbankans og útreikningar RE. ¹ Hlutur ferðaþjónustu í 4 ma.kr. hækkun, án 5,2% verðlagsuppfærslu (mat RE).

Minna skilar sér en áætlað er og útflutningstekjur tapast



80%

af framreiknuðu tekjumati skila sér til hins opinbera

1,21 kr.

tapast í útflutningstekjum ferðaþjónustunnar fyrir hverja krónu sem hið opinbera fær

Heimild er útreikningar Reykjavik Economics, sviðsmynd B (bráðabirgðaniðurstöður).

Vöxtur í takt við spá IATA skilar sömu tekjum án gjaldtöku



2032

skilar vöxturinn meiru á ári, fram að því skilar gjaldtakan meiru

89,4 ma.kr.

tapaðar útflutningstekjur með gjaldtöku, engar með vexti

Vöxtur í takt við langtímaspá IATA fyrir Evrópu, viðmið en ekki stefnukostur. Samtölur án afvöxtunar. Heimildir eru útreikningar og matsniðurstöður Reykjavik Economics (bráðabirgðaniðurstöður).

Hver ferðamaður skapar tekjur langt út fyrir hótel og flug



Heimild er Reykjavik Economics, einfölduð mynd 26 í skýrslunni. Stig 06 og 07, aðdráttarafl og afþreying, eru þau sem náttúru- og innviðagjald og VSK á baðlón snerta beint.

Tekjurnar koma innan 200 km en tapið lendir úti á landi



Nýju tekjurnar innheimtast einkum innan 200 km
Náttúru- og innviðagjald á Gullna hringnum á Suðurlandi og VSK á baðlón, einkum á suðvesturhorninu

Samdrátturinn verður mestur utan 200 km
−4,2% eftirspurn á fjarlægari áfangastöðum vegna gjaldtökunnar, −10,7% ef krónan styrkist líka

Kílómetragjaldið er fimmfalt hærra á mann til Egilsstaða en um Gullna hringinn

Samkvæmt líkani RE sem byggt er á erlendum rannsóknum á verðteygni eftirspurnar eftir ferðamannastöðum.

Heimildir eru útreikningar Reykjavik Economics (bráðabirgðaniðurstöður) og Hagstofa Íslands. Kort byggt á Natural Earth.

Niðurstöður og tillögur

1 **Skattstofninn dregst saman**
199,7 ma.kr. 2025 og stefnir í lækkun annað árið í röð

2 **Samkeppnisstaðan veikist**
Raungengi nálægt sögulegu hámarki og eiginfjárstaðan veik

3 **Nýjar álögur um 10,4 ma.kr. á fyrsta ári**
Náttúru- og innviðagjald, VSK á baðlón, kílómetragjald og bankaskattur

4 **Tekjumatið virðist vera stöðumat**
80% skila sér og 1,21 kr. tapast í útflutningstekjum á hverja krónu

5 **Tillögur**
Birta teygniforsendur, áfangaskipta gjaldtöku og eyrnamerkja tekjur

© SAF, Páll Jökull Pétursson

Samantekt niðurstaðna

1 **Skattaleg áhrif námu 199,7 ma.kr. árið 2025**

Við áhrif lækkuðu um 2,6% að raunvirði og þröng áhrif um 6,6%, í 109,0 ma.kr. Um 34 ma.kr. renna til lífeyrissjóða.

2 **Tekjuskattur fyrirtækja lækkaði um 39%**

Að nafnvirði, einkum vegna tekjufærslu skatts hjá flugfélögum. Launatengdir liðir lækkuðu að raunvirði, einkum vegna endurskoðunar Hagstofu Íslands á launakostnaði 2024.

3 **Veik eiginfjárstaða og versnandi samkeppnisstaða**

Eiginfjárhlutfall 25,4% á móti 44,2% í viðskiptahagkerfinu. Raungengi krónunnar er nálægt sögulegu hámarki.

4 **Nýjar álögur um 10,4 ma.kr. á fyrsta ári**

Náttúru- og innviðagjald, VSK á baðlón og hlutur greinarinnar í kílómetragjaldi og bankaskatti. Spáð er 2,2% lækkun skattalegra áhrifa árið 2026.

Ma.kr., verðlag 2025	2024	2025
Þröng skattaleg áhrif	116,7	109,0
Útskattur virðisaukaskatts	83,4	85,6
Fasteignaskattar	5,0	5,2
Við skattaleg áhrif	**205,0**	**199,7**
Ársverk	31.869	32.308

Raunbreyting viðra áhrifa frá 2024 er −2,6%. Launaliðir eru reiknaðir af launakostnaði samkvæmt Hagstofu Íslands, til samræmis við fyrri ár; launakostnaður 2024 var endurskoðaður úr 286 í 293,2 ma.kr.

Heimildir eru Hagstofa Íslands (rekstrar- og efnahagsyfirlit og sérvinnsla á útskatti virðisaukaskatts), HMS og skattalíkan RE. Tölur 2025 eru bráðabirgðatölur.


„Góður hirðir rýir fé sitt
en flær það ekki.“
Tíberíus keisari, samkvæmt Svetóníusi
Boni pastoris esse tondere pecus, non deglubere
REYKJAVIK ECONOMICS
© SAF, Páll Jökull Pétursson



Hagræn áhrif

Velta, framleiðni, útflutningur, afkoma og laun

© SAF, Ívar Sæland

Velta dróst saman að raunvirði 2024 og 2025

Velta einkennandi greina, ma.kr. á verðlagi 2025



967 ma.kr.

velta síðustu 12 mánuði (sept. 2025 – ágúst 2026), 3,2% minna en 2025

+7,3%

nafnbreyting veltu í júlí og ágúst 2026 frá sama tíma 2025

Heimild er Hagstofa Íslands (velta samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum), fast verðlag 2025. Árið 2023 var metár og velti greinin þá yfir 1.000 ma.kr. á verðlagi 2025.

Framleiðni hefur aukist

Framleiðni vinnuafls, vísitala 2008 = 100



18,8%

meiri framleiðni í gisti- og veitingarekstri frá 2019, en 5,2% í hagkerfinu öllu

32%

meira vinnsluvirði 2025 en 2017, með 2% færri vinnustundum

Heimild er Hagstofa Íslands, ferðaþjónustureikningar og þjóðhagsreikningar.

Eina útflutningsstoðin sem óx frá 2022 til 2025



646 ma.kr.

tekjur af erlendum ferðamönnum 2025, stærsta útflutningsstoðin

8,8%

af landsframleiðslu

Heimildir eru Hagstofa Íslands og útreikningar RE. Verðlag 2025.

Afkoman batnaði en eiginfjárstaðan er veik

Hagnaður einkennandi greina, ma.kr.



Eiginfjárhlutfall, %



Heimildir eru Hagstofa Íslands, rekstrar- og efnahagsyfirlit 2025 (bráðabirgðatölur), og Seðlabanki Íslands, Fjármálastöðugleiki 2026/1.

Laun í ferðaþjónustu nálgast meðallaun

Hlutastörf algeng í ferðaþjónustu



87%

af meðallaunum á starf 2025, en 85% árið 2019

11,5%

af öllum launagreiðslum landsins 2025

Heimild er Hagstofa Íslands, staðgreiðsluskyldar launagreiðslur (TEK02001 og TEK02004).

Gervigreind ógnar síður störfum en skattheimta?

Mest útsett

Skrifstofu- og ritarastörf

Gjaldkerar og miðasala

Bókhald og launavinnsla

Gagnaskráning

Minnst útsett

Matreiðsla og þjónusta

Leiðsögumenn og skemmtikraftar

Afþreying og upplifun

Störf sem krefjast nærveru

34%

starfa í hátekjulöndum eru útsett fyrir gervigreind, fjórðungur á heimsvísu

13%

starfa á Íslandi eru í ferðaþjónustu

„Maður er manns gaman.“
Hávamál

Heimildir eru ILO og NASK (2025), Generative AI and Jobs, World Economic Forum (2025), Future of Jobs Report, og Hagstofa Íslands.

Ferðaþjónustan er drifkraftur nýsköpunar



Heimildir eru Reykjavik Economics og Steingrímur Helgason. Merki eru tenglar á vefi fyrirtækjanna.

Gisting skilar mestu í víðum skilningi en flug í þröngum

Skattaleg áhrif eftir undirgreinum 2025, ma.kr. á verðlagi 2025



39,5 ma.kr.

víð skattaleg áhrif gististaða, mest allra greina

27,8 ma.kr.

þröng áhrif farþegaflugs, mest allra greina en 16,5% minna en 2024

Heimildir eru Hagstofa Íslands (rekstrar- og efnahagsyfirlit og sérvinnsla á útskatti virðisaukaskatts) og útreikningar RE. Aðrar greinar eru ÍSAT 4932, 491, 503, 553, 7721 og 9604.

Skattaleg áhrif baðlóna jukust um 6,5% að raunvirði

Skattaleg áhrif baðlóna án fasteignagjalda og VSK, ma.kr. á verðlagi 2025



5,9 ma.kr.

skattaleg áhrif 12 baðlóna 2025, þar af 1,9 ma.kr. án Bláa lónsins

17%

rekstrartekna rennur til hins opinbera og lífeyrissjóða, fyrir VSK og fasteignagjöld

Heimildir eru ársreikningar 12 rekstrarfélaga baðlóna og útreikningar RE. Tölurnar eru ekki sambærilegar við flokkun Hagstofu Íslands eftir aðalstarfsemi.

Vægið er mest á Suðurnesjum og Suðurlandi

Hlutdeild ferðaþjónustu í vinnuafli og launum innan landshluta 2025, %



28,5%

vinnuafls á Suðurnesjum starfar í ferðaþjónustu, 18,2% á Suðurlandi

54,8%

vinnuafls greinarinnar starfar á höfuðborgarsvæðinu

Heimild er Hagstofa Íslands, staðgreiðsluskyldar launagreiðslur og fjöldi einstaklinga eftir búsetu. Myndvinnsla Reykjavik Economics.

Skattaleg áhrif stefna í lækkun annað árið í röð



195,3

ma.kr. árið 2026 í grunnspá, −2,2% að raunvirði, bil 190,5 til 199,5

Sólmyrkvinn 12. ágúst
skýrir líklega hluta af 7,3% aukningu veltu í júlí og ágúst að nafnvirði. Í janúar til ágúst var veltan nærri 5% minni að raunvirði

Heimildir eru Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa, Skatturinn og útreikningar RE. Spáin verður uppfærð í desember.

Um verkefnið

Verkbeiðni

Skýrslan er unnin af Reykjavik Economics (RE) fyrir Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) og Samtök atvinnulífsins (SA). Þetta er fjórða skýrsla RE um skattaleg áhrif ferðaþjónustunnar og nær hún til rekstrarársins 2025.

Niðurstöðurnar voru kynntar á fundi SAF og SA 18. nóvember 2026. Glærurnar draga saman helstu niðurstöður. Ítarleg umfjöllun, heimildir og fyrirvarar eru í skýrslunni sjálfri.

Gögn og aðferð

Byggt er á rekstrar- og efnahagsyfirliti Hagstofu Íslands fyrir 2025 (bráðabirgðatölur, birtar í nóvember 2026), sérvinnslu Hagstofu Íslands á útskatti virðisaukaskatts og fasteignamati frá HMS.

Skattar á laun eru reiknaðir af meðallaunum með skatthlutföllum ársins. Aðferðin byggist á Total Tax Contribution aðferð PwC.

Fjárhæðir eru á verðlagi 2025 nema annað sé tekið fram.

Einkennandi greinar ferðaþjónustunnar

Flug og þjónusta tengd flugi ÍSAT 511, 5223

Gististaðir ÍSAT 551–553

Veitingar ÍSAT 561, 563

Ferðaskrifstofur og bókunarþjónusta ÍSAT 79

Bílaleigur ÍSAT 771, 7721

Farþegaflutningar á landi og sjó ÍSAT 491, 4932, 4939, 501, 503

Baðlón og baðstofur ÍSAT 9604

Ársverk í greinunum voru 32.308 árið 2025.

Atvinnugreinaflokkun ÍSAT2008, skilgreining Hagstofu Íslands á einkennandi greinum ferðaþjónustunnar (sjá viðauka). Aðrar greinar eru ÍSAT 4932, 491, 503, 553, 7721 og 9604.



Viðauki

Aðferð, gögn, ÍSAT-flokkun og töflur eftir undirgreinum

© SAF

Aðferðafræði skattalegra áhrifa

Aðferðin byggist á aðferðafræði PwC um heildarframlag fyrirtækja til skatttekna (e. Total Tax Contribution).

Í þröngum skilningi eru taldir tekjuskattur fyrirtækja, mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð og séreign, tryggingagjald og tekjuskattur og útsvar launþega.

Í víðum skilningi bætast við útskattur virðisaukaskatts og fasteignaskattar. Útskatturinn er talinn brúttó því að hann leggst að lokum á endanlegan neytanda.

Umhverfis- og flutningsgjöld, svo sem ETS-greiðslur, lendingargjöld og farþegagjöld, eru ekki talin með.

Tekjuskattur fyrirtækja	6,5
Mótframlag í lífeyrissjóð og séreign	33,9
Tryggingagjald	18,0
Tekjuskattur og útsvar launþega	50,6
Þröng skattaleg áhrif	**109,0**
+ Útskattur virðisaukaskatts	85,6
+ Fasteignaskattar	5,2
Víð skattaleg áhrif	**199,7**

Ma.kr. árið 2025

Heimildir eru PwC (Total Tax Contribution), Hagstofa Íslands og skattalíkan RE. Fjárhæðir á verðlagi 2025.

Gögn og skattforsendur 2025

Liður	Gögn fyrir 2025	M.kr.
Tekjuskattur fyrirtækja	Rekstrar- og efnahagsyfirlit Hagstofu Íslands (bráðabirgðatölur)	6.467
Mótframlag í lífeyrissjóð og séreign	Launakostnaður og ársverk × lögbundin hlutföll	33.937
Tryggingagjald	Launakostnaður × 6,35%	17.985
Tekjuskattur og útsvar launþega	Meðallaun × launareiknivél með skatthlutföllum 2025	50.585
Útskattur virðisaukaskatts	Sérvinnsla Hagstofu Íslands á útskatti eftir greinum	85.552
Fasteignaskattar	Fasteignamat × álagningarhlutföll C-flokks	5.187

Skattforsendur 2025: staðgreiðsluþrep 31,49%, 37,99% og 46,29%, þrepamörk 472.005 og 1.325.127 kr. og persónuafsláttur 68.691 kr. á mánuði. Tryggingagjald 6,35% og mótframlag launagreiðanda 11,5% í lífeyrissjóð og 2% í séreign.

Endurskoðun: Launakostnaður 2024 var 286 ma.kr. í skýrslu síðasta árs en er 293,2 ma.kr. eftir endurskoðun Hagstofu Íslands. Staðgreiðsluskyldur launastofn greinarinnar jókst um 5,7% árið 2025.

Heimildir eru Hagstofa Íslands (rekstrar- og efnahagsyfirlit 2025 og sérvinnsla á virðisaukaskatti), Árbók sveitarfélaga og útreikningar RE.

Einkennandi greinar samkvæmt ÍSAT2008

ÍSAT	Atvinnugrein
491 / 4932 / 4939	Farþegaflutningar á landi (m.a. leigubifreiðar og hópferðir)
501 / 503	Farþegaflutningar á sjó og skipgengum vatnaleiðum
511	Farþegaflutningar með flugi
5223	Þjónustustarfsemi tengd flutningum í lofti (m.a. flugafgreiðsla)
551–553	Hótel, gistiheimili, orlofshús og tjaldsvæði
561 / 563	Veitingastaðir, krár, kaffihús o.s.frv.
771 / 7721	Leiga á vélknúnum ökutækjum og tómstundavörum
79	Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og bókunarþjónusta
9604	Baðstofur, gufuböð og baðlón

Heimild er Hagstofa Íslands, ÍSAT2008, skilgreining á einkennandi greinum ferðaþjónustunnar.

Tafla: Þröng skattaleg áhrif eftir undirgreinum

M.kr., verðlag 2025	2019	2023	2024	2025	Raunbreyting 2024–2025
Veitingar (ÍSAT 561, 563)	15.662	20.292	19.759	18.619	−5,8%
Farþegaflug (ÍSAT 511)	28.953	30.524	33.343	27.848	−16,5%
Gististaðir (ÍSAT 551, 552)	18.589	21.852	21.338	20.359	−4,6%
Ferðaskrifstofur og bókunarþjónusta (79)	10.475	13.746	13.752	12.948	−5,9%
Bílaleigur (ÍSAT 771)	4.670	6.750	5.662	6.179	9,1%
Aðrir farþegaflutningar á landi (4939)	5.472	4.556	4.668	4.815	3,2%
Farþegasiglingar (ÍSAT 501)	1.332	1.536	1.407	1.492	6,0%
Þjónusta tengd flugi (ÍSAT 5223)	10.192	10.924	12.050	11.472	−4,8%
Átta greinar samtals	**95.345**	**110.180**	**111.981**	**103.733**	**−7,4%**
Aðrar greinar	6.303	5.450	4.733	5.240	10,7%
Einkennandi greinar alls	**101.648**	**115.629**	**116.714**	**108.973**	**−6,6%**

Heimildir eru Hagstofa Íslands (rekstrar- og efnahagsyfirlit og sérvinnsla á útskatti virðisaukaskatts) og útreikningar RE.

Tafla: Víð skattaleg áhrif eftir undirgreinum

M.kr., verðlag 2025	2019	2023	2024	2025	Raunbreyting 2024–2025
Veitingar (ÍSAT 561, 563)	29.061	37.032	36.221	34.827	−3,8%
Farþegaflug (ÍSAT 511)	29.491	31.182	34.024	28.842	−15,2%
Gististaðir (ÍSAT 551, 552)	34.301	41.336	40.558	39.491	−2,6%
Ferðaskrifstofur og bókunarþjónusta (79)	21.959	30.646	29.984	28.804	−3,9%
Bílaleigur (ÍSAT 771)	20.789	24.726	25.455	26.569	4,4%
Aðrir farþegaflutningar á landi (4939)	8.901	7.663	7.424	7.704	3,8%
Farþegasiglingar (ÍSAT 501)	1.968	2.303	2.104	2.252	7,1%
Þjónusta tengd flugi (ÍSAT 5223)	12.713	13.330	14.569	14.211	−2,5%
Átta greinar samtals	**159.183**	**188.217**	**190.338**	**182.701**	**−4,0%**
Aðrar greinar	9.964	15.046	14.696	17.012	15,8%
Einkennandi greinar alls	**169.146**	**203.262**	**205.035**	**199.712**	**−2,6%**

Með útskatti virðisaukaskatts og fasteignasköttum. Heimildir eru Hagstofa Íslands (rekstrar- og efnahagsyfirlit og sérvinnsla á útskatti virðisaukaskatts) og útreikningar RE.

Tafla: Ársverk eftir undirgreinum

Fjöldi ársverka	2019	2023	2024	2025	Breyting 2024–2025
Veitingar (ÍSAT 561, 563)	8.517	9.603	9.172	10.078	9,9%
Farþegaflug (ÍSAT 511)	4.450	4.530	4.598	4.092	−11,0%
Gististaðir (ÍSAT 551, 552)	6.949	7.167	7.081	7.175	1,3%
Ferðaskrifstofur og bókunarþjónusta (79)	3.325	3.676	4.079	4.007	−1,8%
Bílaleigur (ÍSAT 771)	1.123	1.298	1.357	1.405	3,5%
Aðrir farþegaflutningar á landi (4939)	1.640	1.482	1.306	1.299	−0,5%
Farþegasiglingar (ÍSAT 501)	317	350	350	381	8,9%
Þjónusta tengd flugi (ÍSAT 5223)	1.622	1.690	1.813	1.834	1,2%
Átta greinar samtals	**27.943**	**29.796**	**29.756**	**30.271**	**1,7%**
Aðrar greinar	1.850	2.034	2.113	2.037	−3,6%
Einkennandi greinar alls	**29.793**	**31.830**	**31.869**	**32.308**	**1,4%**

Heimild er Hagstofa Íslands, rekstrar- og efnahagsyfirlit. Tölur 2025 eru bráðabirgðatölur.


„Ekkert er betra né ljúfara en að hafa vængi. Ef áhorfandi væri orðinn svangur og leiður á kórum harmleikjaskáldanna gæti hann, væri hann vængjaður, flogið heim, borðað og komið aftur saddur.“
Aristófanes, Fuglarnir (414 f.Kr.), ljóðlínur 785–789
REYKJAVIK ECONOMICS
© SAF, Þórir N. Kjartansson